

## Ágæti viðtakandi

Á næstunni mun starfsmaður Hagstofu Íslands hafa samband við þig símleiðis vegna rannsóknar á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og neti.

### Rannsókn á notkun á tæknibúnaði og neti

Rannsóknin er framkvæmd reglulega með samræmdum hætti innan Evrópu. Með því er hægt að bera niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra þjóða.

### Hverjum er boðin þátttaka?

Þú ert í hópi 2.500 einstaklinga sem valdir hafa verið með slembiúrtaki úr þjóðskrá til að taka þátt í rannsókninni. Til að niðurstöðurnar verði áreiðanlegar er mikilvægt að allir svari, bæði vanir netnotendur og óvanir.

### Um hvað er spurt?

Flestar spurningarnar eru um notkun á tölvum, neti og netverslun en einnig er spurt um annan tæknibúnað á heimilinu. Auk þess er spurt um heimilisgerð, stöðu á vinnumarkaði og menntun.

### Úrvinnsla og meðferð gagna

Fyllsta trúnaðar er gætt við úrvinnslu gagna. Einungis verða birtar heildarniðurstöður og ekki verður hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Til að auðvelda þér þátttökuna mun Hagstofan afla upplýsinga um árstekjur heimila úr skattaskrá.

### Um Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofa Íslands hefur heimild til að safna gögnum samkvæmt lögum nr. 163/2007. Allar frekari upplýsingar má finna á vef stofnunarinnar: <http://www.hagstofa.is>.

Vakni spurningar varðandi þátttöku í rannsókninni er þér velkomið að hafa samband við Helgu Þorsteinsdóttur í síma **528 1223** eða með tölvupósti í gegnum netfangið [Helga.Thorsteinsdottir@hagstofa.is](mailto:Helga.Thorsteinsdottir@hagstofa.is).

Virðingarfyllst,



Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

